

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Hrísateigur 14.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 19. nóvember 2014 breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna lóðarinnar nr. 14 við Hrísateig. Í breytingunni felst breyting á byggingarreit lóðar og breyting á notkun úr íbúðarhúsi í gistiheimili.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjafold 26.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 12. nóvember 2014 breytingu á deiliskipulagi Foldahverfis vegna lóðarinnar nr. 26 við Reykjafold. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 5. desember 2014.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 19. desember 2014